

## Starfsnám SG lækna við HSN Sauðárkróki

HSN Sauðárkróki er blanda af heilsugæslu, sjúkradeild (7 rými+ 2-4 endurhæfingarrými) og hjúkrunardeildum(45 rými) Öflug þjónusta ýmissa farandsérfræðinga. Mjög mikil og góð tengsl og samskipti við SAK sem er það sjúkrahús sem við sendum mest til af því sem við ekki ráðum við hér. Mjög öflug endurhæfing. Rannsóknarstofa og röntgen. Ekki lengur fæðingar.

Fyrsti dagurinn fer eingöngu í að fara yfir vinnutilhögun, sýna húsið og fara yfir sjúkrabíl og akúttösku og fleira þess háttar

Starfið felst í almennri heilsugæsluvinnu með móttöku og símatímum. Þátttaka í vöktum, yfirleitt eins mikið og hver vill. Alltaf reyndur læknir á bakvakt, yfirleitt sérfræðingur í heimilislækningum. Mjög fljölbreytt vandamál sem koma upp á vöktum. Vakthafandi fer gjarnan með sjúkrabíl í F1 og stundum F2 útköll. Á vöktum er vakthafandi ábyrgur fyrir sjúkra- og hjúkrunardeildum ásamt héraðinu sem telur u.þ.b. 4500 manns.

Vinnudagurinn byrjar með morgunfundi lækna 08.00-08.30 þar sem farið er yfir vaktina, helstu læknabréf sem hafa borist, farið yfir rannsóknarniðurstöður og í raun hvaða vandamál eða spurningar sem er. Eftir það er röntgenfundur, farið á rannsókn, síðan er flettfundur og stofugangur á sjúkradeild. Eftir það gengið til heilsugæsluvinnu.

SG læknir tekur þátt í ungbarnaeftirliti, mæðravernd, skólaheilsugæslu ef hún fellur á tíma kandidats og annarri heilsuvernd eftir aðstæðum hverju sinni.

SG læknir hefur 1 ábyrgan handleiðara. Fundur með handleiðara eða öðrum sérfræðingi 1 klst á viku. Farið yfir spurningar og vandamál varðandi vinnutilhögun, samskipti o.þ.h. Farið yfir tilfelli eða skráningu í sjúkraskrá eða algeng vandamál í heilsugæslu, allt eftir þörfum og óskum hvers og eins.

Tekinn er frá tími fyrir SG lækna til að taka þátt í sameiginlegri kennslu fyrir þá á landsvísu.

Hálfur dagur í viku ætlaður í að ganga frá pappír, vottorðum og öðru.

Áhersla lögð á að námslæknir leiti sér aðstoðar og spyrji jafnóðum í þeim tilfellum sem hann er óöruggur með greiningu eða úrlausn vandamála. Mjög góður aðgangur að reyndum læknum.

Fræðslufundur (fjarfundur frá SAK) alla föstudaga á veturna 8-8.45. Stundum líka möguleiki á að fylgjast með fjarfundi frá lækna ráði LSH.

Lögð áhersla á að námslæknir hljóti sem mesta klínískra reynslu, og fræðsla tengd við það. Lögð áhersla á góða skráningu.

Greitt er sérstaklega fyrir vottorð.

Húsnæði er frítt.

Getum tekið við 2 SG læknum í einu allt árið.

Þorsteinn Þorsteinsson

Yfirlæknir